

Mál 1/2013

Ár 2014, miðvikudaginn 26. nóvember var haldinn fundur í Siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2013

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. mars 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Z) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að skrá ekki í ættbók HRFÍ hvolpa fædda 10. maí 2012 undan tíkinni XX og ZZ. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 16. október 2013 og honum gefinn svarfrestur til 13. nóvember. Svar dagsett 6. nóvember ásamt umsókn um skráningu í ættbók barst frá kærða. Afrit af svari kærða var sent kæranda til umsagnar með bréfi dagsettu 23. janúar 2014. Svarbréf kæranda dagsett 5. febrúar 2014 barst frá kæranda og taldi siðanefnd þar með að fram væru komin öll þau rök sem máli skiptu á ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendum gögnum og pörunarvottorði dagsettu 5. nóvember 2013, var tíkin XX pöruð við rakkann ZZ án þess að skilað hafi verið inn umsókn um ættbókarskráningu á tilsettum tíma og án þess að hundarnir hefðu verið augnskoðaðir eða mjaðmamyndaðir. Hundarnir eru af kyninu Collie rough og er tíkin í eigu kærða. Telur kærandi að kærði hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði svaraði því til að um slysgot hefði verið að ræða, það hefði ekki verið ætlunin að para tíkina. Hann sendi jafnframt meðfylgjandi svari sínu, inn umsókn um skráningu í ættbók fyrir umrætt got og óskaði að lokum eftir því að nafn hans yrði tekið af félagaskrá HRFÍ. Í athugasemdum kæranda við svari kærða kom fram að kærandi sætti sig við það að hvolpar úr umræddu goti yrðu ættbókarskráðir.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Collie rough:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.02.2000).”

Í málinu liggur ljóst fyrir að við pörun voru hvorugur hundanna með gilt augnvottorð eða mjaðmaniðurstöður kunnar en þessi vottorð eru áskilin við heilsufasskoðun hundakynsins til þess að tryggja sé að hundarnir beri ekki með sér arfgenga sjúkdóma. Ekki er kært fyrir brot vegna þessa og því ekki úrskurðað. Þá liggur það einnig fyrir í málinu að hvolpar úr gotinu höfðu verið afhentir án þess að vera ættbókarfærðir. Kærði hefur því gerst brotlegur við grein 3.7 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði hefur borið því við að ekki hafi verið ætlunin að para hundana og þetta hafi verið slysagot. Siðanefnd telur það ekki leysa kærða undan ábyrgð. Hundar eru alfarið og alltaf á ábyrgð eiganda síns eða umráðamanns.

En þar eð kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins þá telur siðanefnd hæfilega refsingu vera áminningu.

#### IV. Niðurstaða.

Kærði Z telst hafa gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

Kærði hefur verið tekinn af skrá sem félagsmaður HRFÍ að eigin ósk og mun úrskurður þessi taka gildi þegar og ef kærði gerist félagsmaður í HRFÍ á ný.

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir